

**SVERRIR THORSTENSEN, ÞÓREY KETILSDÓTTIR,
KRISTJÁN ÓLI SVERRISSON & MARÍA KETILSDÓTTIR**

**FUGLALÍF VIÐ HUNDATJÖRN Í
NAUSTAFLÓA VORIÐ 2012**

**KÖNNUN GERÐ AÐ BEIÐNI
UMHVERFISNEFNDAR AKUREYRAR**



Hettumáfar í Naustaflóa

Ljósm.: Sverrir Thorstensen 27. maí 2012


AKUREYRI ÁGÚST 2012

EFNISYFIRLIT:

1	INNGANGUR OG LÝSING SVÆÐIS	2
2	TALNINGARAÐFERÐIR	3
3	FUGLATAL	4
4	SAMANBURÐUR VIÐ FYRRI TALNINGAR	7
5	LOKAORÐ	7
6	HEIMILDIR	8

1 INNGANGUR OG LÝSING SVÆÐIS

Fuglar í Naustaflóa voru taldir vorið 2012 í fjórða sinn frá árinu 2008. Svæðið er um 0,01 km² eða 1 ha (1. mynd). Um fjórðungur svæðisins er nú undir vatni eða blaut mýri. Syðri helmingur svæðisins er nánast þurr og þar hefur trjágróður aukist og stækkað verulega á síðustu 5 árum. Nyrst og austast við stíflugarðinn eru tré farin að drepast, enda standa þau nú í vatni (2. mynd).



1. mynd. Naustaflóa. Rauð lína afmarkar talningarsvæðið. Land undir vatni er skástrikað.



2. mynd. Óðinshonar og dautt tré við stíflugarðinn.
Ljóssm.: Þórey Ketilsdóttir 27. maí 2012

2 TALNINGARADFERÐIR

Talningin var framkvæmd 27. maí, en áður var svæðið heimsótt í stutta stund dagana 12. og 22. maí. Einnig var hugað að hreiðrum 31. maí. Sama aðferð var notuð og í fyrri talningum. Byrjað var á því að skrá alla fugla sem sáust úr skýlinu og þeir merktir inn á kort. Síðan var svæðið gengið skipulega þar sem bil á milli talningarmanna var um 5 metrar. Óðalsbundnir fuglar voru merktir inn á kort og einnig hreiður sem fundust. Þessar upplýsingar voru síðan bornar saman við talninguna úr skýlinu. Fjöldi anda miðast við fjölda steggja sem sáust. Ekki er lengur unnt að nota s.k. dósasnúruaðferð við leit að hreiðrum vaðfugla vegna mikils trjágróðurs á svæðinu (sjá Sverrir Thorstensen og Þorsteinn Þorsteinsson 2008b). Hettumáfar voru fældir upp þrisvar sinnum og þeir taldir. Vegna mikils fjölda voru teknar myndir af fljúgandi hópnum og fuglarnir síðan taldir af tölvuskjá. Fjöldi varppara hettumáfa fæst með því að margfalda fjöldann með 0,61 (sjá Ævar Petersen og Sverrir Thorstensen 1993). Aðstæður til talningar voru góðar, léttskýjað og stillt veður.

3 FUGLATAL

Alls fundust 11 tegundir varpfugla á svæðinu og er það 2 tegundum meira en í síðustu talningu vorið 2010. Fjöldi varppara var 159 og er það umtalsverð fjölgun frá 2010 (sjá 1. töflu). Hreiður og óðul annarra fugla en hettumáfa eru sýnd á 4. mynd.

Rauðhöfðaönd *Anas penelope*

Tveir steggir héldu til í votlendinu og 2 hreiður fundust í blautasta hlutanum nyrst. Annað hreiðrið var með 6 eggjum, en hitt með 9 eggjum. Fjöldi varppara var 2.

Urtönd *Anas crecca*

Tveir steggir sáust og 2 hreiður fundust. Annað hreiðrið var upprifið, en hitt var með 4 eggjum. Seinna hreiðrið var einnig upprifið 4 dögum eftir að það fannst. Úréttin egg fundust við hreiðrið. Fjöldi varppara var 2.

Stökkönd *Anas platyrhynchos*

Alls sáust 5 steggir á svæðinu og með þeim voru 2 kollur. Tvö hreiður fundust, annað með 5 eggjum en hitt með 7 eggjum. Auk þess sást ein kolla með 4 nýklakta unga. Fjöldi varppara var 5.

Rjúpa *Lagopus mutus*

Rjúpukarri var með óðal skammt sunnan við skýlið og þar hélt til nyrst á svæðinu. Fjöldi varppara var 2.

Hrossagaukur *Gallinago gallinago*

Alls sáust 5 óðalsbundnir hneggjandi fuglar á svæðinu. Engin hreiður fundust að þessu sinni, en úréttin egg fundust á 2 stöðum. Gera má ráð fyrir því að fuglar sem misstu egg sín hafi orpið aftur síðar. Fjöldi varppara var 5.

Jaðrakani *Limosa limosa*

Fimm óðalsbundin pör sáust (5. mynd). Hreiður tveggja fundust, bæði fullorpin með 4 eggjum. Fjöldi varppara var 5.

Spói *Numenius phaeopus*

Eitt par var með hreiður á nánast sama stað og í tveimur síðustu talningum. Auk þess var vellandi spói í norðvestur horni svæðisins. Meðan við dvöldum á svæðinu sáum við hrafnspar taka öll eggin úr spóahreidrinu. Fjórum dögum síðar var spóaparið enn á svipuðum slóðum og væntanlega hefur það orpið öðru sinni. Fjöldi varppara var 2.

Stelkur *Tringa totanus*

Eitt stelkspar hélt til á svæðinu og úrétið stelksegg fannst skammt frá óðali þess. Fjöldi varppara var 1.

Óðinshani *Phalaropus lobatus*

Fjögur pör voru á tjörninni við stíflugarðinn á báðum heimsóknum okkar á svæðið í lok maí. Fjöldi varppara var 4.

Hettumáfur *Chroicocephalus ridibundus*

Hettumáfum hefur fjölgað verulega við Hundatjörn frá síðustu talningu. Reynt var að telja fuglana úr skýlinu en það reyndist ekki gerlegt vegna þess hve gróðurinn var orðinn gróskumikill. Fuglarnir voru því fældir upp og myndir teknar af fljúgandi hópnum. Fuglarnir voru síðan taldir af tölvuskjá. Heildarfjöldinn var 210 fuglar sem gefur okkur 128 pör ($210 \times 0,61 = 128$). Fjöldi eggja var talinn í 57 hreiðrum. Meðaltalið var 2,9 (1-5) sem bendir til þess að fullorpið hafi verið í hreiðrin (3. mynd). Flest hreiðrin voru umhverfis stærri tjörnina. Fyrstu ungar voru að klekjast þann 27. maí og 31. maí sáust nokkrir nýklaktir ungar. Fjöldi varppara var 128.




3. mynd. Hettumáfshreiður við Hundatjörn

Ljós.: Sverrir Thorstensen 27. maí 2012

Þúfuttlingur *Anthus pratensis*

Syngjandi karlfuglar sáust á þremur stöðum. Fjöldi varppara var 3.



4. mynd. Dreifing varpfugla annarra en hettumáfa vorið 2012

TEGUND	2008	2009	2010	2012
Grágæs	1	0	0	0
Rauðhöfðaönd	3	0	0	2
Urtönd	2	2	1	2
Stökkönd	4	3	3	5
Rjúpa	2	1	0	2
Heiðlóa	0	1	0	0
Hrossagaukur	~4	7	6	5
Jaðrakan	1-2	3	4	5
Spói	0	1	1	2
Stelkur	2	4	2	1
Óðinshani	0	1	1	4
Hettumáfur	30	21	48	128
Þúfutittlingur	0	0	1	3
ALLS:	~50	44	67	159

1. tafla. Varpfuglar við Hundatjörn í Naustaflóa 2008, 2009, 2010 og 2012

4 SAMANBURÐUR VIÐ FYRRI TALNINGAR

Grágæs hefur ekki orpið á svæðinu síðan 2008 og heiðlóa ekki síðan 2009. Heildarfjöldi anda er nú sá sami og vorið 2008, en mun meiri en í talningunum 2009 og 2010. Rauðhöfðaönd er nú aftur varpfugl við Hundatjörn, en hún sást ekki í talningunum 2009 og 2010. Rjúpur sáust nú aftur á svæðinu, en þær urpu síðast 2009. Vaðfuglum hefur fjölgað lítillega, úr 14 pörum 2010 í 17 pör nú. Þar munar mest um óðinshana sem nýtir sér vel hve svæðið er blautara en áður og hefur fjöldi þeirra fjórfaldast. Fjöldi hettumáfa hefur tæplega þrefaldast frá síðustu talningu. Þúfutittlingar sáust nú í annað sinn á svæðinu og hefur þeim fjölgað úr 1 pari í 3. Eins og áður urpu skógarþrestir og auðnutittlingar í skógarreitum við talningarsvæðið. Einnig heyrðum við í músarrindli og glókoli í trjánnum vestan við skýlið.

5 LOKAORÐ

Litlar breytingar hafa orðið á fjölda tegunda sem verpa í Naustaflóa frá því fyrst var talið á svæðinu vorið 2008. Alls hafa 13 tegundir verið skráðar sem varpfuglar og 11 þeirra fundust nú. Breyting varð á vatnsstöðu svæðisins á milli talninganna 2009 og 2010. Leiða má líkur að því að þessi breyting sé ein helsta ástæða mikillar fjölgunar hettumáfa á svæðinu. Hið sama má segja um óðinshana. Fjöldi annarra tegunda hefur lítið breyst á milli ára. Birki og gulvíði hefur fjölgað verulega og trén hafa stækkað. Gera má ráð fyrir því að með auknum vexti trjáa gæti vaðfuglunum jaðrakan og stelk fækkað. Greinilegt var að hrafnspær herjaði á svæðið í vor og sást það af fjölda úrétinna eggja og upprifinna hreiðra.

Bæta þarf aðgengi og merkingu að skýlinu vestan flóans eftir að nýr göngustígur var lagður fjær svæðinu en áður var. Einnig þarf að taka ákvörðun um hvort ekki væri rétt að fella dauðu trén sem standa nú í vatni, bæði aspirnar nyrst og grenitrén við stíflugarðinn (sbr. 2. mynd).

6 HEIMILDIR

Sverrir Thorstensen. Dagbókarfærslur maí-júní 2012.

Sverrir Thorstensen og Snævarr Örn Georgsson 2009. Fuglalíf við Hundatjörn í Naustaflóa vorið 2009. Umhverfisnefnd Akureyrar. 7 bls.

Sverrir Thorstensen og Þorsteinn Þorsteinsson 2008a. Fuglalíf við Hundatjörn í Naustaflóa vorið 2008. Umhverfisnefnd Akureyrar. 6 bls.

Sverrir Thorstensen og Þorsteinn Þorsteinsson 2008b. Fuglalíf Krossanesborga sumarið 2008. Umhverfisnefnd Akureyrar. 21 bls. + 7 kort.

Sverrir Thorstensen, Þórey Ketilsdóttir og Þorlákur Snær Helgason 2010. Fuglalíf við Hundatjörn í Naustaflóa vorið 2010. Umhverfisnefnd Akureyrar. 6 bls.

Ævar Petersen og Sverrir Thorstensen 1993. Hettumálfsvörp í Eyjafirði 1990. Bliki 13, 45-59



5. mynd. Jaðrakan lítur um öxl
Ljósm.: Þórey Ketilsdóttir 27. maí 2012